



Langanesbyggð

Fundargerð 14. fundar stjórnar dvalarheimilisins Nausts dags, 8. mars 2018 kl. 13:00.

Mætt eru:

Kristín Kristjánsdóttir, Sólrún Arney Siggeirsdóttir, Sara Stefánsdóttir og Elías Pétursson, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál

Stjórn var kynnt mál sem hefur verið í gangi síðustu vikur er varðar starfsmann á Nausti. Stjórninni var kynnt afstaða Sambands Íslenskra sveitarfélaga, hvar málið stæði og hvert framhaldið líklega yrði.

Farið var yfir stöðu í eldhúsi og starfsmenn sem sinna því núna.

Hjúkrunarforstjóri er að ljúka við að setja niður sumarfrí starfsmanna og reiknar með að ljúka því í næstu viku.

Búið er að manna sumarið að mestu leiti með starfsmönnum sem hafa verið áður og eru því vanar.

Rekstrarstjóri tilkynnti að hún myndi vinna á Nausti á meðan fæðingarorlofi stendur.

2. Dvalar – og hjúkrunarrými

Góð nýting hefur verið á Nausti frá því í byrjun árs, mikið betri en á síðasta ári. Nýr einstaklingur er kominn á Naust og eru því nokkurn veginn öll rými full nýtt.

3. Breytingar á Nausti

Farið var yfir breytingar og stækkun á Nausti. Formaður lagði teikningu fyrir stjórn sem sýnir tillögu að breytingum á gamla ganginum/hluta Nausts. Hugmyndin er að halda öllum þrem herbergjunum sem þar eru en fá þau öll með sér salerni. Sveitastjóri og Hjúkrunarforstjóri munu skoða málin betur á næstu vikum og fara yfir nýjustu lög og reglugerðir er varða hjúkrunarrými á dvalarheimilum.

4. Bráðabirgðauppgjör 2017

Farið yfir rekstur 2017 eins og hann lítur út í bráðabirgðauppgjöri. Tekjur eru lægri en áætlun gerði ráð fyrir en gjöld eru á áætlun, sakir þessa þá er rekstrarniðurstaða neikvæð. Skýring á lægri tekjum er sú að ekki náðist að halda heimilinu í fullri nýtingu hluta ársins.





Langanesbyggð

Stjórn telur mikla þörf á að reglum vegna lítilla heimila með þröngt upptökusvæði verði breytt á þann veg að tímabundin vannýting hafi ekki svo alvarleg áhrif á reksturinn sem raun ber vitni.

5. Önnur mál

Ný uppþvottavél var keypt á síðasta ári og er munurinn mikill í eldhúsinu.

Verið er að reyna taka matseðilinn á Nausti í gegn að því leiti að nota sem minnstan sykur og eins lítið hvítt hveiti og hægt er. Þetta er gert til þess að ná þyngd íbúa í rétt horf.

Á næstu mánuðum ætlar Hjúkrunarforstjóri að halda fræðsludag fyrir starfsmenn um sykur og sykursýki.

Vismönnum virðist almennt líða vel á Nausti og ánægja ríkja meðal þeirra.

Sveitastjóri tilkynnti stjórn að framkvæmdir væru að hefjast á Bakkavegi í eldri borgaraíbúðum. Skipta yrði um gólfefni og málað. Áætlaður kostnaður er um 900.000.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45

